

VS Danska 8.bekkur 2021-2022

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

Lýsing

Danska fyrir 8.bekk. Unnið verður með bókina Smart sem grunnbók og vinnubók. Smart er áframhald af bókinni Start sem nemendur unnu í 7.bekk - og byggir áframhaldandi þekkingu ofan á það sem þar var unnið.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Unnið verður með grunnbókina Smart ásamt verkefnabók og hlustunarverkefnum. Mikið er lagt upp úr því að venja nemendur strax við hið talaða mál ásamt því að fara í samskiptaleiki sem þjálfar það efni sem farið er í hverju sinni. Horft verður á danskar myndir sem styðja við það efni sem unnið er með hverju sinni.

Smáforrit eins og t.d. DuoLingo, Quizlet ofl. notuð mikið til stuðnings.

Námsmat

Farið verður yfir verkefni með nemendum um leið og þau eru unnin - og þeim gefin endurgjöf. Stuttar kannanir úr því efni sem lögð er mikil áhersla á að nemendur læri til hlítar, s.s. að heilsa og kveðjast, liti, tölur, persónufornöfn, spurnarfornöfn ofl.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Hlustun

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Frásögn

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Ritun

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.
- Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

VS Danska 8.bekkur 2021-2022 - Náms hæfni

- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
- Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.
- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.

NÁMSEFNI/GÖGN



Smart

Grunnbók og vinnubók